

# Skilja tölvur betur en fólk

Egill Jónasson og Anna Bergþórsdóttir eru meðal sérfræðinga sem taka til starfa hjá fyrirtækinu Specialist-erne þar sem virkjaðar eru sterkustu hliðar fólks á einhverfurófi. Þau segjast bæði lunkin við að koma auga á smáatriði sem öðrum yfirsjást en hafa átt erfitt með að fóta sig í atvinnulífinu.

Anna og Egill segjast vera dæmigerðir nördar og góð í nákvæmnisvinnu.

**V**innustaðurinn *Specialisterne* verður opnaður á morgun, laugardag, á alþjóðlegum degi einhverfu. Fyrirtækið byggist á danskri fyrirmynd þar sem einhverfir fá þjálfun í að vinna verkefni sem snúa að þeirra sérþekkingu. Stefna fyrirtækisins er að vera tengiliður einhverfra út í atvinnulífið en verkefni snúa í fyrstu að tæknimálum og hugbúnaðarprófunum.

**Egill** hefur forritað frá þrettán ára aldri. „Eða alveg frá því að mamma eignaðist tölvu. Fyrsta árið hrundi tölvun örugglega tuttugu sinnum því ég bara óð í gegnum hana,“ segir Egill sem áttaði sig fljótt á því að forritun lægi vel fyrir honum. „Ég skil tölvuna og veit hvernig hún hugsar. Ég á stundum auðveldara með að skilja tölvur en fólk eða lífið. Tölvun hugsar um einn hlut í einu, hún fer ekkert annað. Svipað og hausinn á manni sjálfum. Þegar leitarvélnar komu fyrst fannst mér það lítið mál. Það var eins og þetta hefði verið skrifað fyrir mann.“

Egill er greindur með ódæmigerða einhverfu og viðurkennir að hann hafi mjög lítið sjálfs-traust á almennum vinnumarkaði. *Hvað finnst þér þú hafa fram að færa í atvinnulífinu?*

„Ég er ekki viss um hvað ég hef fram að færa í venjulegu atvinnuumhverfi. Ég get alveg unnið venjulega vinnu og það kemur fyrir.“

Egill segir að alla tíð hafi honum verið bent á atriði sem hann þyrfti að laga í fari sínu. Hann bindur því miklar vonir við starf hjá Specialist-erne. „Því hvað ef maður þyrfti ekki að laga alla hluti til að standast væntingar heldur bara læra að lifa með þeim? Þarna er kominn grundvöllur fyrir mig til þess. Ég lít á það sem stórt tækifæri að komast þar að. Að vera í kringum fólk án þess að aðgreina það of mikið. Það er gott að komast inn í náttúrulegt umhverfi. Maður finnur alltaf samkennd með fólki sem maður á eitthvað sameiginlegt með. Maður finnur viðbrögðin og andann þegar verið er að tala. Fátt veitir meira öryggi en að vera í svoleiðis umhverfi þar sem vitundin kemst upp á næsta stig.“

Þegar ég var í grunnskóla var ég ekkert í kringum aðra sem voru svipaðir og ég. Ég sat úti í horni og fannst allt vera að mér. Ég velti því fyrir mér af hverju ég upplifði ekki hlutina svipað og aðrir. Jafnvel þótt ég hermdi eftir félögum mínum þá upplifði ég ekki sömu gleðina yfir hlutunum. Ég skynja hlutina öðruvísi og þess vegna finnst mér stórt tækifæri að komast í þetta umhverfi. Það gerir mikið fyrir sjálfs-traustið.“

**Anna** fékk asperger-greiningu þegar hún var níttján ára.

„Í menntun og starfi er allt mjög venjulegt hjá mér og það gengur allt mjög vel. Þangað til allt í einu að það gengur ekki vel. Þá eru allir bara „Ha? Þetta getur ekki verið.“ Mjög margir segja bara „Já, við bara reddum þessu.“ En þegar þú ert með fólk á einhverfurófi þá þýðir ekki að segja við bara reddum því. Þú verður að gera einhverjar áætlanir, annars fer allt í steik.“

*Hvernig lýsir þín einhverfa sér?*



„

... hugurinn er svo virkur án þess að maður sé endilega að þrýsta á það.

„

... ég veit ekki hvort ég væri hamingjusamari ef ég væri eðlilegri.

„Miklar skyntuflanir. Til dæmis finnst mér þessi flúorljós hérna í loftinu mjög leiðinleg. Það er ekki gaman fyrir mig að fara í Kringluna en það er eitt sem bjargar mér í verslanamiðstöðvum, það er ipod. Þannig kemst ég í gegnum Kringluna og jólin og fleira. Ég spyr mig stundum að því hvað ég gerði áður en ég eignaðist ipod. Og svarið er: Þá stóð ég yfirleitt úti í rigningunni fyrir utan verslanamiðstöðvarnar og velti því fyrir mér af hverju við gætum ekki gefið fólki peninga í jólagjöf. En það þykir víst ósmekklegt.“

**Þolir ekki hávaða og þrengsli**  
*Nú virkar eins og þú eigir mjög auðvelt með að eiga samskipti við fólk.*

„Já. Eins og ég segi. Það er allt eðlilegt þangað til það er ekki eðlilegt.“

*Hvenær kemstu að því að það er ekki eðlilegt?*

„Í vinnu heldur maður út í svona þrjá til fjóra mánuði. Þú getur spurt aðra aspergera og allir eru sammála um að hlutirnir ganga í einhvern tíma. Auðvitað er það misjafnt eftir því hversu einhverft fólk er. Annað fólk tekur kannski ekki eftir því en það er yfirleitt að byggjast upp stress í þennan tíma. Svo þegar það brýst út þá eru allir svo undrandi.“

*Hvernig nýtist heilkennið þér?*

„Á ákveðinn hátt á ég mjög erfitt með að svara því. Vinir mínir segja að ég sé mjög einbeitt. Ég hef verið að gera hluti í mínum áhugamálum sem aðrir spyrja mig hvernig ég nenni að gera. Það sé svo tímafrekt og eigi eftir að taka mig marga mánuði. Þá segi ég nei og er búin að reikna út að þetta taki sex mánuði og þrjár vikur. En hvers vegna, þegar það eru engin verðlaun fyrir að gera svona? Mín verðlaun eru að hafa gert þetta og geta sagt við fólk: Ég gerði þetta.“

*Hver voru þín viðbrögð við asperger-greiningunni?*

„Áður hafði ég fengið misþroskagreiningu. Sú greining var eiginlega kassi sem á stóð „ýmislegt“. Og það sem er sett í kassa sem er merktur „ýmislegt“ er ekki allt hlutir sem eiga saman. Það var betra að fá asperger-greininguna. Ég las mikið um þetta og fann að

þetta passaði við mig. Ég er eiginlega hinn klassíska nörd.“

Anna segir asperger-heilkennið vera örjúfanlegan hluta af sjálfsmynd hennar. „Og ekki bara sjálfsmyndinni inn á við heldur líka hvernig aðrir sjá mann. Ég velti því fyrir mér hvort ég væri ekki alveg rosalega öðruvísi manneskja ef ég væri ekki með asperger. Stundum er þetta helvíti leiðinlegur hluti af manni. Ég sé fólk í Kringlunni og því finnst svo óstjórnlega gaman. Maður sér það á diskótekum og í partíum og það skemmtir sér svo mikið. Ég bara einfaldlega meika það ekki. Hljóð og hávaði og þrengsli. Allt þetta sem manni þykja ótrúlega leiðinlegt, eins og matarboð og stórsamkomur.“

*Eru það algjörar matraðir?*

„Já. Það var líka alltaf verið að verðlauna krakka með frímínútum. Úr því að þetta voru verðlaun, hvers vegna mátti ég ekki gera eitthvað sem mér líkaði? Það mátti alls ekki vera á bókasafni í frímínútum því það þótti svo gaman að vera úti að leika við börnin. Sem bara öskruðu.“

En svo litur maður á jákvæðu hliðarnar sem er einbeitingin og þessi sérstöku áhugamál sem veita svo mikla ánægju. Þannig að ég veit ekki hvort ég væri hamingjusamari ef ég væri eðlilegri.“

Anna hefur reynt fyrir sér í þremur menntaskólum og það hefur ekki alltaf verið auðvelt. Henni var meðal annars gert að taka heilt ár aftur í skólanum. Hún fann sig þó á endanum í Rafiðnaðarskólanum, þaðan sem hún útskrifaðist úr námi í tölvunarfræðum.

„Það var eitt af því sem enginn hélt að ég gæti. Þeir héldu inn-tökupróf og það tóku 199 karlmenn og ég. Þeir tóku svo inn 49 karlmenn og mig. Á vissan hátt var það miklu betra en venjulegt nám því þeir voru svo helvíti praktískir,“ segir Anna sem telur sig að vissu leyti vera það líka.

„Eftir þetta fékk ég rafiðnaðarnámið metið inn í háskólann þar sem kennslan og áherslurnar voru öðruvísi. Ég reyndi fyrir mér í tölvunarfræði, heimspeki og japönsku en entist æ skemur í tímunum.“

**Áður kallað persónueinkenni**

*Hvernig sérdú fyrir þér að vinna hjá Specialist-erne reynist þér?*

„Ég er að vona að þetta virki. Þetta almenna kerfi virkar á margan hátt svo illa fyrir mig. Jújú, það er hægt að ná í starf en vandamálið er að halda því.“

*Hefur þú flosnað upp úr mörgum störfum?*

„Já, svona þeim sem ég hef reynt. Ekki að fólk hafi verið vont; það er bara mjög erfitt að ætlast til þess að fólk skilji hugsunarhátt sem er gjörólíkur þess sjálfs. Ég hefði mikinn áhuga á að sækja nám tengt mínum hugðarefnum en það er einfaldlega ekki hægt.“

*Heldurðu að þú hafir eiginleika sem gætu nýst í atvinnulífinu ef þú værir í umhverfi sem hentaði þínum hugsunarhátti?*

„Ég held það, já. Ég tek eftir smáatriðum sem fólk sér ekki. Ég læri hratt það sem ég hef áhuga á en ekki það sem ég hef ekki áhuga á. Ég er til dæmis snögg að læra nýja leiki eða tæknileg atriði. Sérstaklega allt sem snýr að sjónrænni hugsun. Enn í dag man ég nákvæmlega eftir þrívíddarrými sem ég fór í gegnum fyrir tólf árum,“ segir Anna og lýsir langri leið úr tölvuleik.

„Ég held að samfélagið hafi breyst dálítið. Það sem í mínu tilfelli er að vissu leyti álititð fötlun var til dæmis bara kallað persónueinkenni þegar þabbi minn var að vaxa upp. Breytingarnar felast líka í því að nú erum við með meiri lýsingu og meira áreiti. Hraðinn í samfélaginu og óþolinmæðin eru orðin mikil og þess vegna eiga aspergerar enn erfiðara með að fóta sig en áður.“

Anna hefur fengist við tölvur frá því hún var smástelpa og segir svo margt rökrétt og auðskilið í tölvuheiminum. „Kannski ætti að kenna börnum hópastarf með tölvuleikjum. Þá eru hlutverkin alveg skýr og enginn vafi á því hver gerir hvað. Ég þóldi aldrei hópastarf því það kenndi mér enginn að vinna í hópi. En þegar ég fór í tölvuleiki var ég hins vegar beðin um að taka að mér leiðtogahlutverk í stórum hópum. Það er einhvern veginn miklu auðveldara.“

**Þóra Tómasdóttir**

**SKÓLA OSTUR**

Hollt og gott veganesti

ms.is